

Subject: Vélfag

Date: Tuesday, 9 September 2025 at 18:22:39 Greenwich Mean Time

From: Gísli Guðni Hall

To: Sigurður G., Gestur Gunnarsson

Sælir Gestur og Sigurður,

Ég hef framsent umboðin sem þið senduð mér í dag til bankans.

Þið hafið spurt hvaða gögn bankann vanti. Í bréfum bankans og samskiptum hefur umbjóðendum ykkar ítrekað verið boðið að leggja fram skriflegan rökstuðning og öll gögn sem þeir telji að varpi ljósi á málefnið. Bankinn gengur út frá að umbjóðendur ykkar hafi nú þegar gert þetta og afhent öll gögn sín. Ef svo er ekki, þá er ekki seinna vænna að gera það nú þegar í stað.

Bankinn hefur átt samskipti við utanríkisráðuneytið og beint því til ráðuneytisins að það taki afstöðu til afléttingar frystingar berist slík beiðni frá umbjóðanda ykkar. Bankinn á von á formlegu svari ráðuneytisins við þeirri málaleitan innan tíðar

Kveðja,
Gísli Hall